



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Yfirlit frá sendiráði Íslands í Brussel

Febrúar 2016

Upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála

Efst á baugi

- Fyrsti fundur Sameiginlegu EES-nefndarinnar 2016 var haldinn 5. febrúar sl. Á fundinum voru 77 ESB-gerðir teknar inn í EES-samninginn. Jafnframt staðfesti fulltrúi utanríkisþjónustu ESB á fundinum að umsógn EES/EFTA-ríkjanna um mat og endurskoðun á regluverki fyrir rafræn samskiptakerfi og -þjónustu hafi verið tekin til skoðunar. Sjá nánar [hér](#).
- Næsti fundur Sameiginlegu EES-nefndarinnar verður haldinn 18. mars nk.
- Fimmtudaginn 21. janúar fór fram í Amsterdam óformlegur ráðherrafundur um flugmál sem jafnframt var sóttur af fulltrúum ríkja ESB og samstarfsríkja Schengen, fulltrúum flugfélaga og flugvalla í Evrópu. Til grundvallar umræðu var ný áætlun í flugmálum (e. Aviation Strategy) sem framkvæmdastjórnin kynnti í desember sl. Gafst viðstöddum hagsmunaaðilum tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, bæði um áætlunina í flugmálum sem og um stöðu flugmála í Evrópu almennt. Hollenska formennskan birti [þessar](#) upplýsingar á heimasíðu sinni eftir fundinn.
- Mánudaginn 25. janúar fór fram í Amsterdam óformlegur fundur dóms- og innanríkisráðherra Schengen-ríkjanna. Umræðuefni fundarins voru helguð baráttunni gegn hryðjuverkum og málefnum flóttamanna. Á

Leiðtogar ESB ná saman um kröfur Breta um aðildarskilmála

Á fundi leiðtogaráðs ESB dagana 18.-19. febrúar sl. náðist niðurstaða í samningaviðræðum Bretlands og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) um kröfugerð þess fyrrnefnda í aðdraganda fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu í Bretlandi um aðild þess að ESB (sem ráðgert er að fari fram 23. júní nk). Niðurstaðan er í formi ákvörðunar og nokkurra yfirlýsinga sem fylgja henni. **Niðurstöðunni verður hrint í framkvæmd ef Bretland kys að vera á fram í Evrópusambandinu.**

Niðurstaðan snertir **reglur sambandsins um efnahags- og myntbandalagið, samkeppnishæfni ESB, framsal valds og síðast en ekki síst ákvæði um frjálsa för fólks og almannatryggingar.** Meðal annars stendur til að gera breytingar á reglum varðandi rétt til barnalífeyris á þann hátt að tengja megi fjárhæð barnalífeyris við lífskjör í því aðildarríki þar sem barn býr, starfi foreldri þess utan þess aðildarríkis. Sérstök nýmæli eru að löggjöf ESB verði breytt til að koma á fót öryggisventli þegar aukin för fólks til aðildarríkis er farin að vega að rekstri viðkomandi almannatryggingakerfis. Getur þá aðildarríki óskað eftir tímabundinni 7 ára heimild ESB til að takmarka aðgang að bótum til launþega án framlags frá þeim sjálfum. Þá mun framkvæmdastjórnin leggja til frekari breytingar á löggjöf á sviði frjálsrar farar, til að girða fyrir misnotkun réttarins og almannatryggingakerfa aðildarríkjanna, m.a. með tilliti til hentihjónabanda. Breytingar á löggjöf á sviði fjórfrelsins varða EES-samninginn. Sjá nánar um niðurstöðu leiðtogaráðsins [hér](#).

Bið á tillögum um aðgerðir til að ýta undir hreyfanleika fólks á vinnumarkaði

Komið hefur fram í fjölmiðlum að framkvæmdastjórn ESB muni sennilega fresta því að leggja fram tillögur um aðgerðir til að ýta undir hreyfanleika fólks á vinnumarkaði (Labour Mobility Package) **fram yfir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Bretlandi 23. júní nk.** Sjá nánar [hér](#). Tilkynnt hafði verið í haust að tillögupakkinn yrði kynntur í desember 2015. Um er að ræða m.a. breytingar á samþættingu almannatryggingakerfa í aðildarríkjum ESB og samstarfi opinberra vinnumiðlana í Evrópu (EURES). Hins vegar verða **tillögur um breytingar á tilskipun um útsenda starfsmenn** líklega teknar úr „Labour Mobility“ pakknum og kynntar í mars.

Fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna

Dagana 22.-26. febrúar sl. fór fram **12. samningalotan í fríverslunarviðræðum ESB og Bandaríkjanna.** Aukinn þungi hefur færst í vinnuna. Þannig hafa sérfræðingar fundað á einstökum sviðum síðan í haust og gert er ráð fyrir að þeir fundi áfram á

fundinum kynnti yfirmaður Europol starfsemi nýrrar miðstöðvar „Europol's Counter Terrorism Centre“, sem opnuð var með formlegum hætti í Haag þann sama dag. Miðstöðinni er ætlað að styrkja Evrópu í viðbrögðum við hryðjuverkum. Þá var rætt um nauðsyn aukinna upplýsingaskipta í tengslum við baráttuna við hryðjuverk og aukinna gæða þeirra upplýsinga sem miðlað er. Staða mála vegna viðbragða við straumi flóttamanna til Evrópu var einnig rædd. Fram kom að enn væri svigrúm til úrbóta hvað varðar innleiðingu aðgerða sem samþykktar voru á síðasta ári. Að lokum var rætt um tillögu framkvæmdastjórnar ESB að reglugerð, sem kynnt var 15. desember sl. Reglugerðin fjallar um nýja evrópska landamæra- og strandgæslustofnun, sem tekur við verkefnum Frontex og fær auknar valdheimildir. Almennt voru ríkin á því að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til að styrka ytri landamæri Schengen-svæðisins. Ekki væri þó unnt að fallast á tillöguna óbreytta, einkum vegna þess að hún færði stofnuninni og framkvæmdastjórninni of mikið vald. Þetta verður nánar rætt á komandi mánuðum á vettvangi Schengen-samstarfsins. Engar formlegar niðurstöður voru af fundinum enda var hann með óformlegu sniði. Hollenska formennskan birti [þessar](#) upplýsingar á heimasíðu sinni eftir fundinn.

- Óformlegur fundur viðskiptaráðherra ESB og EES/EFTA-ríkjanna um samkeppnismál var haldinn í Amsterdam dagana 27. og 28. janúar sl. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sótti fundinn fyrir Íslands hönd. Á fundinum var sérstaklega rætt um þjónustuiðnaðinn og aðgangshindranir á internetinu.

næstu vikum, m.a. um markaðsaðgang fyrir opinber innkaup. Í lotunni var sjónum einkum beint að **samstarfi við setningu innanlandsreglna, svo sem hvort þróa mætti sameiginleg staðla, byggja á gagnkvæmri viðurkenningu reglna og úttekt eða fallast á jafngildi reglna og eftirlits**. Einnig var kastljósinu beint að **viðskiptareglum í milliríkjaviðskiptum**. Á blaðamannafundi aðalsamningamannanna eftir lotuna kom fram að góður árangur hefði náðst en halda þyrfti vel á spöðunum næstu mánuði. Næsta samningalota verður í apríl og gert er ráð fyrir annarri lotu fyrir lok júlí. Stefnan er að hægt verði að hefja lokaáfangna viðræðnanna í haust. Enda þótt aðilar segist enn stefna að því að ljúka samningi á árinu 2016, verður það að teljast ólíklegt, sérstaklega í ljósi forsetakosninga í Bandaríkjunum í haust. Sjá nánar [hér](#).

EFTA-dómstóllinn gefur út ráðgefandi álit í kjötmálinu

Hinn 1. febrúar sl. veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit í máli Ferskra kjötvara ehf. gegn íslenska ríkinu, sem rekið er fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Málið varðar **skilyrði íslenskra laga um að hrátt kjöt megi einungis flytja til Íslands að fengnu leyfi og að því tilskyldu að það hafi verið frosið í tiltekinn tíma**. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi Reykjavíkur mun nú halda áfram. Nánar [hér](#).

Evrópuþingið styður fyrirætlanir um stafrænan innri markað

Þann 19. janúar sl. samþykktu þingmenn Evrópuþingsins, með miklum meirihluta, ályktun varðandi áætlun framkvæmdastjórnarinnar um stafrænan innri markað (Digital Single Market). Enn fremur samþykktu þingmenn **skýrslur tveggja þingnefnda** sem fjallað höfðu um málið, annars vegar nefndarinnar IMCO (Internal Market and Consumer Protection) og hins vegar nefndarinnar ITRE (Industry, Research and Energy).

Þingið kallaði eftir því að framkvæmdastjórnin legði kapp á að birta hið fyrsta tillögurnar 16 sem hún hafði heitið á árinu 2016. Í því ljósi óskaði þingið sérstaklega eftir tillögum framkvæmdastjórnarinnar um eftirfarandi atriði:

- Afléttingu á hömlum á viðskipti vegna staðsetningar, til að auka aðgengi neytenda að vörum og þjónustu.
- Hvernig tryggja megi neytendavernd við kaup á stafrænu efni, hvort sem það er keypt á netinu eða ekki.
- Framsæknar lausnir varðandi afhendingu böggla milli landa.
- Hvernig draga megi úr hindrunum sem lítil og meðalstór fyrirtæki mæta í rafrænu umhverfi, m.a. með nýtingu nýrrar tækni s.s. stórgagnavinnslu, rafrænna skýja og þrívíddarprentun. Að auki þurfi nýsköpunarvæna stefnu um net-vettvanga (e. online platforms) sem auðveldi innkomu nýrra aðila á markaðinn.
- Endurskoðun tilskipunar um netfriðhelgi til að tryggja samræmi við nýjar reglur ESB um gagnaöryggi.

Enn fremur lýsti þingið áhyggjum yfir **mismunandi nálgun aðildarríkjanna á svonefndu deiliahagkerfi** (e. sharing economy). Framkvæmdastjórnin var beðin um að meta hvort þörf væri á **sérstakri neytendavernd** innan deiliahagkerfisins, hvar

Með ráðherra í för var Georg Lúðvíksson, forstjóri og einn af stofnendum Meniga sem er fyrirtæki sem býður upp á heimilisfjármálalausnir. Hann tók þátt í hringborðsumræðum þar sem einn frumkvöðull frá hverju landi tók þátt. Þar var rætt sérstaklega hvernig megi bæta starfsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja í Evrópu og ryðja úr vegi viðskiptahindrunum. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

Samráð um löggjöf ESB í mótun

Framkvæmdastjórn ESB heldur úti heimasíðu þar sem finna má á einum stað alla stefnumörkun í mótun og fyrirhugaða löggjöf þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið upp á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (e. public consultations).

Þarna gefst kjörið tækifæri fyrir t.d. íslenskar stofnanir og ráðuneyti til að hafa áhrif á stefnumótun ESB, sem er megininntak Evrópustefnu sitjandi ríkisstjórnar.

Vefsíðuna má finna [hér](#) og eftirfarandi eru nokkur dæmi um opin samráðsferli.

Opið samráðsferli varðandi stefnu ESB í baráttu gegn fíkniefnum. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli varðandi mögulegar breytingar á aðferðafræði við ákvörðun undirboða við rannsókn óréttmætra viðskiptahátta að því er varðar Kína. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli varðandi tillögur um að breyta tilkynningarferli um nýjar lagakröfur í aðildarríkjum ESB gagnvart þjónustuaðilum. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli varðandi reglugerð um uppboð á útblástursheimildum. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli varðandi endurskoðun lagaramma um

frekari skýringa á réttindum og skyldum væri þörf til að tryggja viðunandi stöðu neytenda.

Helstu áfangar framkvæmdastjórnarinnar á sviði stafræns innri markaðar á fyrri hluta ársins eru eftirfarandi:

- Í byrjun febrúar komu fram tillögur um samræmdar reglur varðandi nýtingu tíðnisviða, sem ætlað er að auka netaðgengi notenda og ýta undir netnotkun yfir landamæri.
- Í mars verður lögð fram orðsending um evrópskt netský og áætlun um staðla í upplýsingatækni og fjarskiptum.
- Í maí er gert ráð fyrir að fram komi tillaga um endurskoðun reglugerðar um samstarf á sviði neytendaverndar, tillögur varðandi hömlur á viðskiptum vegna staðsetningar og hafnar verði fyrstu aðgerðir varðandi afhendingu böggla milli landa.
- Í júní er gert ráð fyrir að fram komi tillögur til breytinga á reglum um gervihnetti og samskiptakapla, endurskoðun á reglum um hljóð- og myndmiðlun, sem og reglum um höfunda- og hugverkarétt. Sjá nánar [hér](#). Fyrirséð er að meirihluti tillagnanna muni falla undir EES.

Orkusamband ESB

Hið svokallaða orkusamband ESB (e. Energy Union) hefur nú verið til staðar í eitt ár en með þessu verkefni hyggst Evrópusambandið **betur tryggja öryggi og framboð á hagkvæmri og umhverfisvænni orku**. Á þessu ári sem liðið er þá hafa m.a. verið settar fram tillögur sem miða að **aukinni samvinnu á sviði gasöflunar, flutnings og geymslu**. Á seinni hluta ársins verður ráðist í **endurskoðun á regluverki um orkunýtni**, sem kveður á um 20% orkunýtni fyrir árið 2020 annars vegar og svo orkunýtni í húsbýggingum hins vegar. Næsta haust verður reynt að leggja mat á árangurinn og marka frekari skref í framhaldinu. Þá boðar Evrópusambandið að undir lok ársins megi vænta **tillagna að breyttum raforkumarkaði**. Hvað varðar sameiginleg verkefni sem lúta að innviðum raforkukerfisins (Projects of Common Interest) þá verður staðan metin og skoðað hvað gera þarf í framhaldinu þannig að markmiðið um 15% samtengingu svæða fyrir árið 2030 náist. Sjá nánar [hér](#).

Niðurstöður úr samráðsferli um málefni hafsins

Nýverið birti Evrópusambandið niðurstöður úr opnu samráðsferli um málefni hafsins (e. Ocean Governance) en tilgangurinn var að meta stöðu mála og skoða **hvað og hvernig Evrópusambandið getur gert til að stuðla að betri stjórnun og ráðsmennsku í málefnum hafsins**. Alls bárust yfir 150 svör, **þar á meðal frá íslenskum stjórnvöldum**. Í svörum kemur meðal annars fram að bæta þarf framfylgd á núverandi regluverki og stuðla að samvinnu milli allra aðila sem koma að þessum málum, bæta og endurskoða gildandi lagaramma og auka vísindapekkingu á höfunum. Bent er á að svæðisbundin fiskveiðistjórnun hafi mikilvægu hlutverki að gegna en virkni hennar þurfi að auka. Enn fremur var bent á mikilvægi þess að samningur Sameinuðu þjóðanna um hafnríkiseftirlit (e. Port State Control), og Ísland hefur nýverið fullgilt, verði bindandi. Alls þurfa 25 ríki að fullgilda svo það markmið náist en alls hafa 23 ríki fullgilt þennan samning. Sjá nánar [hér](#).

höfundarrétt. Sjá nánar [hér](#).

Gagnlegar endurbætur á EEA Lex

Gerðar hafa verið gagnlegar endurbætur á EEA-Lex, gagnagrunni EFTA-skrifstofunnar um löggjöf ESB sem talin er heyra undir EES samninginn.

Breytingarnar auðvelda m.a. notendum að fylgjast með löggjöf ESB í mótun. Þannig birtir EEA-Lex nú ekki aðeins allar gerðir sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og gerðir sem ESB hefur samþykkt og eru til skoðunar hjá EES/EFTA-ríkjunum með tilliti til upptöku í samninginn heldur einnig gerðir sem eru í undirbúningi hjá ESB (proposed EU acts) og heyra mögulega undir EES-samninginn.

Leitarmöguleikarnir í EEA Lex hafa að auki verið útvíkkaðir þannig að auk þess að leita eftir celex-númeri er nú einnig hægt að gera orðaleit í texta gerða og tillagna.

Að auki er á myndrænan hátt sýnt hvar gerð stendur í ákvarðanatökufurlinu.

EEA-Lex er uppfærður daglega á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni EFTA-skrifstofunnar.

Áhugaverðir tenglar

Upplýsingar frá ESB

Vefsíða EFTA-skrifstofunnar

Vefsíða Eftirlitsstofnunar EFTA

Vefsíða EFTA-dómstólsins

Vefsíða sendiráðs Íslands í Brussel

Twitter-síða sendiráðsins

Facebook-síða sendiráðsins

Schengen

Hinn 15. desember sl. lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur sem miða að því að **styrkja ytri landamæri Schengen-svæðisins**. Meðal tillagnanna er reglugerð um **nýja landamæra- og strandgæslustofnun**, sem á að koma í stað Evrópsku landamærastofnunarinnar (Frontex) og hraðsveita Frontex (RABid Border Intervention Teams eða RABIT). Með hinni nýju stofnun er ætlunin að efla gæslu ytri landamæra Schengen og þannig bregðast við þeim veikleikum sem komið hafa í ljós og stefna Schengen-samstarfinu í hættu. Tillögurnar gera ráð fyrir **frekari samræmingu á landamæraeftirliti og sameiginlegri ábyrgð stofnunarinnar og ríkjanna**. Samkvæmt tillögunum fær stofnunin víðtækara hlutverk og valdheimildir en Frontex hefur nú.

Þá var þann 15. desember lögð fram tillaga að breytingu á Schengen Borders Code reglugerð nr. 562/2007, um að **beita kerfisbundnu eftirliti með ESB- og EES-borgurum við för yfir ytri landamæri svæðisins**, en hingað til hafa ESB og EES borgarar einungis sætt lágmarkseftirliti.

Nánar um tillögurnar má lesa [hér](#).

Áætlaður kostnaður við að leggja niður Schengen

Hugmyndabankinn France Stratégie hefur tekið saman **efnahagslegar afleiðingar þess að taka aftur upp varanlegt landamæraeftirlit við innri landamæri Schengen**. Í skýrslunni kemur fram að það hefði neikvæðar afleiðingar í för með sér hvað varðar straum ferðamanna sem dvelja í stuttan tíma, fyrir fólk sem sækir vinnu yfir landamæri, ferðamenn frá þriðju ríkjum sem heimsækja nokkur lönd innan Schengen-svæðisins í sömu ferð og vöruflutninga. Til lengri tíma litið er talið að **viðskipti milli Schengen-ríkja myndu dragast saman um 10-20%**. Í heild myndi **þjóðarframleiðsla ríkja sem aðild eiga að Schengen-samstarfinu minnka um 0,8%** sem jafngildir meira en **100 milljörðum evra**. Sjá nánar [hér](#).

Bosnía og Hersegóvína sækir um aðild að ESB

Bosnía og Hersegóvína sótti formlega um aðild að Evrópusambandinu 15. febrúar sl. Framkvæmdastjórn ESB mun í kjölfarið vinna álit fyrir ráð ESB um það hvort ríkið uppfylli þau skilyrði sem þarf til að hægt sé að bjóða því aðild að sambandinu. Fyrir liggur að Bosnía og Hersegóvína **á enn langt í land með að uppfylla skilyrðin og að endurbóta er þörf á fjölmörgum sviðum** áður en ráð ESB samþykkir að hefja aðildarviðræður. Sjá nánar [hér](#).

Vísinda- og menntamál

Mat á 7. rannsóknaráætlun ESB. Gefin hefur verið út skýrsla þar sem lagt er mat á 7. rannsóknaráætlunina. Skýrslan var unnin af sérfræðingahópi og í henni er lögð áhersla á að meta áhrif (impact) 7. rannsóknaráætlunarinnar, byggt á niðurstöðum verkefna og skipulagi áætlunarinnar. Úttektina má nálgast hér: [Commitment and Coherence –Ex-Post Evaluation of the 7th EU Framework Programme](#).

